



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
b.t. skrifstofu skattamála  
[postur@fjr.is](mailto:postur@fjr.is)

Sent í Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 28. september 2020

## **Efni: Umsögn stjórnar Félags vinnuvélaeigenda um áform til frumvarps til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt**

Stjórnvöld hafa gripið til fjölda mikilvægra ráðstafana til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum COVID-19. Ein þeirra felst í að hækka tímabundið endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingarframkvæmdir úr 60% í 100%, sbr. 7. gr. laga nr. 25/2020 um tímabundnar ráðstafanir til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í 1. gr. reglugerðar nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna („reglugerðin“) er nánar talið upp í hvaða tilvikum umrædd endurgreiðsla eigi við.

Meginreglan er sú að á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 skuli endurgreiða byggjendum íbúðar- og frístundahúsnæðis, mannúðar- og líknarfélögum o.fl. og sveitarfélögum o.fl. virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur og viðhald húsnæðis, sbr. 7. gr. laga nr. 25/2020. Er nú lagt til, með ofangreindum áformum, að framlengja umrædda endurgreiðsluheimild til 31. desember 2021 og er það vel. Samkvæmt gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um úrræðið er virðisaukaskattur hins vegar ekki endurgreiddur af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélastrá, á byggingarstað, sbr. c-lið 5. gr. reglugerðarinnar. Má því ljóst vera að öll jarðvinna er nú undanskilin úrræðinu.

Stjórn Félags vinnuvélaeigenda, sem á aðild að Samtökum iðnaðarins, sér hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti og skýtur það skökku við, ekki síst þegar horft er til þess að um tímabundið úrræði er að ræða. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað og sú vinna sem markar upphaf framkvæmda í kjölfar hönnunar. Með endurgreiðslunni er m.a. verið að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega út.

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á ofangreint, m.a. í umsögnum samtakanna til Alþingis og stjórnvalda í tengslum við umrædda endurgreiðsluheimild, án árangurs. Úrræðið er víðtækt og nær yfir allar starfsgreinar mannvirkjagerðar að einni undanskilinni. Verður því ekki betur séð en að hér sé um að ræða mismunun milli starfsgreina í einstaklega erfiðu og ófyrirséðu árferði.

Stjórnvöldum ber að hafa að leiðarljósi jafnræðissjónarmið í störfum sínum. **Félagið hvetur eindregið til þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að færa jarðvinnu undir úrræðið.**

F.h. stjórnar Félags vinnuvélaeigenda

Eyrún Arnarsdóttir

viðskiptstjóri á mannvirkjasviði